

FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR SPARISJÓÐS HÖFÐHVERFINGA HF.

Ár 2025, fimmtudaginn 9. október, kl. 17.00, var haldinn hluthafafundur í Sparisjóði Höfðhverfinga hf., kt. 590424-1450, að Túngötu 3, Grenivík.

Jóhann Ingólfsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Ólafur Rúnar Ólafsson kjörinn fundarstjóri og Fjóla V. Stefánsdóttir fundarritari.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og staðfesti að hann hefði verið löglega boðaður. Nægilegur fjöldi hluthafa eða umboðsmanna þeirra var mættur til að tryggja lögmæti fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar um boðun fundarins eða lögmæti hans. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans væru.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Tillaga stjórnar 30. júní 2025 um samruna Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna hf.
2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins vegna samrunans þ.m.t. hækkun hlutafjár þannig að það verði 965.511.958 kr. að nafnverði og að nafni sjóðsins verði breytt.
3. Heimild stjórnar til útgáfu nýs hlutafjár að verðmæti allt að kr. 500.000.000 að nafnvirði og að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta.
4. Kjör stjórnar
5. Umræður og önnur mál löglega borin fram.

Var þá gengið til dagskrár:

1. Tillaga stjórnar 30. júní 2025 um samruna Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna hf.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga:

„Hluthafafundur Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. samþykkir samruna Sparisjóðs Höfðhverfinga hf., sem yfirtökufélags, og Sparisjóðs Strandamanna hf., sem yfirtekens félag, á grundvelli samrunaáætlunar stjórnar félaganna, dags. 30. júní 2025.“

Fundarstjóri gaf Jóhanni Ingólfssyni, stjórnarformanni orðið, sem kynnti tillöguna og forsendur hennar.

Að svo búnu gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var umræðum lokið.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa og umboðsmanna þeirra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins vegna samrunans þ.m.t. hækkun hlutafjár þannig að það verði 965.511.958 kr. að nafnverði og að nafni sjóðsins verði breytt.

Stjórn félagsins lagði fram tillögu um breytingar á samþykktum félagsins í kjölfar samruna sem samþykktur var samkvæmt dagskrárlið 1.

Drög að nýjum samþykktum lágu fyrir á fundinum.

Breytingarnar fela í sér eftirfarandi tillögu:

„Hluthafafundur Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. samþykkir að hækka hlutafé félagsins um kr. 427.174.132 að nafnvirði og verða hinir nýútgefnu hlutir afhentir hluthöfum Sparisjóðs Strandamanna hf. í skiptum fyrir eignarhlut þeirra í því félagi. Hinir nýútgefnu hlutir njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. frá afhendingardegi. Heildarhlutafé Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. eftir breytinguna verður kr. 965.511.958 að nafnvirði. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta í samræmi við tillögu þessa og samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn félagsins skal samþykkja og gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins af þessu tilefni.“

Þá fela tillögurnar enn fremur í sér eftirfarandi breytingar á samþykktum:

- Nafni félagsins verði breytt úr Sparisjóði Höfðhverfinga hf. í Smára sparisjóð hf. og að gerðar verði breytingar þar að lútandi á fyrirsögn og 1. gr. samþykktu félagsins.
- Starfssvæði félagsins er Norðurland og Strandir og starfsstöðvar þess eru á Grenivík og Hólmavík. Gerðar verði breytingar á 1. og 2. mgr. 2. gr. samþykktu til áréttingar á þessu, auk þess sem 3. mgr. 2. gr. verði felld úr gildi.
- Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 1. mgr. 3. gr. til samræmis við núverandi starfsemi félagsins.
- Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 1. mgr. 5. gr. til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á 4. gr. og gerð hefur verið grein fyrir í köflum 2 og 3 hér að framan.
- Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 1. og 2. mgr. 7. gr. til samræmis við núverandi starfsemi félagsins.

- Lögð er til sú breyting á 11. gr. samþykkt að aðalfundur félagsins verði haldinn á Hólmavík eða Ströndum eigi sjaldnar en annað hvert ár.
- Tekið er fram í 2. tölul. 14. gr. að á aðalfundi skuli lögð fram starfskjarastefna. Þá eru lagðar til breytingar á 14. gr. sem fela í sér heimild til notkunar rafrænna miðla í samskiptum félagsins og hluthafa og að hluthöfum verði heimilað að taka þátt í hluthafafundum með rafrænum búnaði án þess að vera á fundarstað.
- Lögð er til breyting á 3. mgr. 16. gr. samþykkt sem heimilar stjórnarmönnum að halda stjórnarfundum með rafrænum hætti.
- Að síðustu er lagt til að 2. mgr. 21. gr. verði felld úr gildi.

Samþykktarbreytingarnar voru yfirfarnar á fundinum hver fyrir sig.

Fundarstjóri kvaðst munu bera fyrst upp tillöguna um hækkun hlutafjár sérstaklega og síðan tillögurnar um aðrar samþykktarbreytingar í einni heild, nema ósk kæmi fram um annað fyrirkomulag, svo sem að greidd verði atkvæði um einstaka eða hverja breytingu fyrir sig. Jafnframt að til að breyta samþykktum þyrfti 2/3 hluta atkvæða, en jafnframt þarf 85% þeirra atkvæða sem er á fundinum til að breyta 3. mgr. 2. gr. samþykkt.

Enginn óskaði eftir að greiða atkvæði um einstaka tillögur.

Fundarstjóri opnaði fyrir mælendaskrá. Guðrún Rósa spyr um ákvæðið er varðar að starfstöðvar skuli vera á Hólmavík og Grenivík. Fundarstjóri svaraði því að þetta ákvæði setti fyrirmæli um að starfstöðvar yrðu að ávallt þar en ekkert væri því til fyrirstöðu að þær yrðu á fleiri stöðum, sem eru þá rekstrarlegar ákvarðanir, til að mynda á Akureyri.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Fundarstjóri bar tillöguna um hækkun hlutafjár undir atkvæði hluthafa og umboðsmanna þeirra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um aðrar samþykktarbreytingar. Tillögurnar samþykktar samhljóða.

3. Heimild stjórnar til útgáfu nýs hlutafjár að verðmæti allt að kr. 500.000.000 að nafnvirði og að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta.

Fyrir fundinum liggur tillaga stjórnar um að felld verði inn í 4. gr. samþykkt hins sameinaða félags eftirfarandi heimild hluthafafundar til handa stjórn um að hækka hlutafé félagsins um allt að 500.000.000 krónur:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 500.000.000 krónur að nafnvirði í einu lagi eða áföngum, til þess að efna skuldbindingar félagsins vegna samninga sem hún hefur gert við KEA svf. í tengslum við

sameiningu Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. við Sparisjóð Strandamanna hf. Samningarnir gera ráð fyrir hækkun hlutafjár og það verði selt á innra virði til KEA. Að öðru leyti ákvarðar stjórn sölureglur, fresti til áskriftar og greiðslufresti. Nýútgefnir hlutir á grundvelli heimildar þessarar skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Stjórninni er enn fremur heimilt að gera breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við hlutafjárhækkun samkvæmt heimild þessari. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta í samræmi við tillögu þessa og samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Heimild þessi gildir til 1. júlí 2029.”

Að svo búnu gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa og umboðsmanna þeirra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þannig breyttar og eftir yfirferð samþykktar þar sem breytingar voru felldar inn í textann, bar fundarstjóri þær upp þá í heild, sem fundurinn samþykkti samhljóða með öllum atkvæðum á fundinum.

4. Kjör stjórnar

Í ljósi þeirra breytinga sem verða á félaginu og hluthafahópi þess við samruna við Sparisjóð Strandamanna hf. hafa allir stjórnarmenn sagt starfi sínu lausu skv. 1. mgr. 64. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Fyrir fundinum liggur að kjósa nýja stjórn félagsins.

Er því gengið til kosningar nýrrar stjórnar. Í framboði eru eftirfarandi:

- Björn Líndal Traustason, aðalmaður.
- Halldór Jóhannsson, aðalmaður.
- Hildur Ösp Gylfadóttir, aðalmaður.
- Sigurður Jóhann Ingólfsson, aðalmaður.
- Víðir Álfgeir Sigurðarson, aðalmaður.
- Finnur Ólafsson, varamaður.
- Sverrir Gestsson, varamaður.

Engin önnur framboð koma fram á fundinum. Telst stjórn og varastjórn því sjálfkjörin og ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu fundarmanna.

5. Umræður og önnur mál löglega borin fram

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins.

Fundarritara var falið að koma tilkynningum og breyttum samþykktum til fyrirtækjaskrár Skattsins og annarra stjórnvalda eftir því sem lög krefja.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að fundargerð yrði upp lesin. Enginn óskaði eftir því, en fundurinn veitti fundarstjóra og fundarritara umboð fundarins til að ljúka við ritun fundargerðar.

Jóhann Ingólfsson stjórnarformaður Sparisjóðs Höfðhverfinga þakka fundarmönnum fyrir góðan fund og fyrir komuna. Hann kvað mikil tækifæri framundan og krefjandi verkefni að hinn sameinaði sjóður fái að vaxa og dafna áfram á grunni hinna sameinuðu sjóða.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 17:40.

Ólafur Rúnar Ólafsson, fundarstjóri

Fjóla V. Stefánsdóttir, fundarritari

Fylgiskjöl fundargerðar:

1. Skýrsla fyrir mætta fundarmenn
2. Umboð til að mæta á fundinn
3. Glærुकynning stjórnarformanns um forsendur tillagna um samruna og fl.